

Sp. 155. Fyrirspurnir. [126. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um málefni útflutningsiðnaðar og lagmetis.

Frá Heimi Hannessyni.

1. Hafa ákvarðanir verið teknar af hálfu stjórnvalda um greiðslur til útflytjenda iðnaðarvarnings og lagmetis vegna gengistaps þessara aðila í sambandi við gengisbreytingar á þessu ári?
2. Ef slíkar ákvarðanir hafa ekki verið teknar, er þeirra að vænta á þessu ári?

II. Til dómsnálaráðherra um embætti umboðsmanns Alþingis.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað liður framkvæmd ályktunar Alþingis, sem samþykkt var á Alþingi 16. maí 1972, um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis?

III. Til Samgönguráðherra um Aðaldalsflugvöll og flugsamgöngur við Kópasker.

Frá Heimi Hannessyni.

1. Eru uppi fyrirætlanir um endurbætur á aðstöðu á Aðaldalsflugvelli?
2. Hyggjast stjórnvöld beita sér fyrir því, að áætlunarflug verði hafið aftur til Kópaskers?

IV. Til forsætisráðherra um störf stjórnarskrárnefndar.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hvað líður störfum stjórnarskrárnefndar?
2. Hvað hefur nefndin haldið marga fundi, og hvenær voru þeir haldnir?
3. Eru líkur á, að nefndin ljúki störfum fyrir þann tíma, sem ætlað er, að minnst verði ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar á næsta ári?

V. Til iðnaðarráðherra um raforkumál á Snæfellsnesi.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvenær er þess að vænta, að Snæfellsnes verði tengt við Andakils- og Landsvirkjanir eða aðrar umbætur verði í raforkumálum Snæfellinga?

VI. Til iðnaðarráðherra um hitun húsa með raforku.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað líður framkvæmd á þingsályktun um hitun húsa með raforku, sem samþykkt var í neðri deild Alþingis 1. mars 1971?

VII. Til landbúnaðarráðherra um verðlagningu ríkisjarða.

Frá Ólafi G. Einarssyni.

1. Hefur landbúnaðarráðherra sett sér einhverjar ákveðnar reglur til þess að fara eftir við ákvörðun söluverðs ríkisjarða?
2. Ef svo er, hverjar eru þær reglur, og eru þær breytilegar eftir því, hvort kaupandi er sveitarfélag eða einstaklingur?
3. Er ákvörðun um söluverð ríkisjarðar í hendi landbúnaðarráðherra eins?